

Tilmæli	10/2018
Tillaga	A 1748/välfärd
Afgreidd af	Norrænu velferðarnefndinni

Nefndarálit um afturköllun beiðni um pólitískt samráð um tilmæli 10/2018 um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð afturkalli beiðni um pólitískt samráð um svar við tilmælum 10/2018 um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum og álíti *afgreiðslu svarsins lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Í svari nefndarinnar við tilmælum Norðurlandaráðs nr. 10/2018 um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum var eftirfarandi sjónarmiðum komið á framfæri:

„Norræna velferðarnefndin skráir hjá sér upplýsandi svar norrænu ríkisstjórnanna með yfirsýn yfir stöðu mála í löndunum. Aftur á móti stendur ekkert um stöðuna í Færeyjum og er það miður. Þá er greint frá yfirstandandi endurskoðun og yfirferð á gildandi löggjöf og hvort hún feli í sér nægileg réttindi. Nefndin bíður með athygli eftir niðurstöðunum.

Í ljósi þess að ríkisstjórnirnar telja tilmælin hafa verið uppfyllt að hluta til og að engin niðurstaða hefur fengist frá formenskulandinu vegna takmarkaðs starfsumboðs tímabundinnar ríkisstjórnirnar þess, óskar nefndin eftir því að norrænu ríkisstjórnirnar útbúi samantekt og skýri stöðuna betur. Norræna velferðarnefndin álitur tilmælin þess vegna vera í gildi og bíður átekta eftir pólitísku samráði.“

Tilmælin eiga uppruna sinn úr þingmannatillögu Norræna vinstri grænna frá árinu 2018. Nefndinni barst svar norrænu ríkisstjórnanna við tilmælunum árið 2019 og í framhaldi af því óskaði hún eftir pólitísku samráði. Nefndinni hefur ekki enn borist boð um pólitískt samráð eða önnur eftirfylgni af hálfu Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samkvæmt 47. gr. í starfsreglum Norðurlandaráðs getur sú stofnun eða þeir fulltrúar sem flytja tillögu afturkallað tillöguna. Nefndin óskar eftir því að beiðni um pólitískt samráð um samræmingu á löggjöf varðandi hinsegin fólk á Norðurlöndum verði dregin til baka í samræmi við 47. gr. starfsreglna Norðurlandaráðs.



Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin hefur óskað eftir því að Norræn vinstri græn fái umboð til að taka ákvörðun um afgreiðslu þess pólitíska samráðs sem á eftir að fara fram um löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum, þar sem þingmannatillagan á uppruna sinn í tilmælum sem Norræn vinstri græn lögðu fram.

Norræn vinstri græn telja að draga skuli til baka beiðni um pólitískt samráð um málefnið í ljósi þess að svarið við tilmælunum, sem er frá árinu 2019, á ekki lengur við sem grundvöllur pólitísks samráðs um málefnið.

Nefndin er sammála þessu mati og hvetur Norrænu ráðherranefndina um leið eindregið til þess að fylgja beiðnum Norðurlandaráðs um pólitískt samráð eftir með virkum hætti og miða að því að afgreiða mál innan eins árs, eins og markmiðið var upphaflega þegar pólitískt samráð var tekið upp sem verkfæri á þessum vettvangi.

Nefndin óskar í ljósi þessa eftir því að beiðni um pólitískt samráð um svar við tilmælum 10/2018 um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum verði afturkölluð og að ráðið á líti *afgreiðslu svarsins lokið*.